



## Skipulagsnefnd - 02.02.2015

---

08. fundur

2. febrúar 2015, kl 13:00-15:00

Fundarstaður: Hótel Reykjahlíð.

---

### Fundarmenn:

Helgi Héðinsson, form.

Birgir Steingrímsson

Hólmgeir Hallgrímsson

Pétur Snæbjörnsson

Selma Ásmundsdóttir

### Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

(í fjarveru Guðrúnar Brynleifsdóttur)

---

### Dagskrá:

1. *Hraunvegur 10. Umsókn um bráðbirgðastækkun.*
2. *Vogar ferðapjónusta. Umsókn um lagfæringar á gistiskálum.*
3. *Dettifoss, áningarsvæði. Umsókn um stofnun spildu undir bílastæði.*
4. *Geiteyjarströnd 1. Umsókn um stofnun lóðar/spildu.*

#### 1. **Hraunvegur 10. Umsókn um bráðabirgðastækkun.**

S20150101

Tekið fyrir að nýju erindi dags 5. janúar 2015 frá Haraldi Valbergssyni, byggingarfræðingi, f.h. Urtusteins ehf þar sem sótt er um heimild til að stækka til bráðabirgða lager verslunar Samkaupa við Hraunveg 10 í Reykjahlíð. Gert er ráð fyrir að reisa tengibyggingu/skýli úr einingum, sem auðvelt yrði að fjarlægja, ofan á steinsteypta plötu ca 4,0x9,0 m sem er til staðar milli núverandi gáma og verslunarinnar og jafnframt verði gámarnir réttir af og klæddir utan með hvítu búrústi til samræmis við útlit núverandi verslunarhúss. Nefndin færði til bókar á síðasta fundi sínum að hún féllist á að endurnýja stöðuleyfi fyrir tvo til þrjá gáma til eins árs, en félst ekki á bráðabirgðaleyfi fyrir tengibyggingunni. Nefndin lagði áherslu á að hér væri einungis um tímabundið leyfi að ræða. Þá yrði innan fyrrgreindra tímamarka mörkuð stefna í samráði við skipulagsnefnd um fyrirkomulag verslunar. Á fundi sveitarstjórnar 14. janúar s.l. var samþykkt eftirfarandi bókun: „Sveitarstjórn samþykkir að

vísa erindinu aftur til skipulagsnefndar. Nefndin kalli fulltrúa Samkaupa á sinn fund þar sem farið verður yfir framtíðarlausn/sýn varðandi verslunarrekstur í Reykjahlíð.“

Á fundinn mæta fulltrúar Samkaupa þeir Ómar Valdimarsson framkvstj. og Gunnar Sigurðsson forstöðumaður versluarsviðs og munu þeir gera grein fyrir framtíðarlausn/sýn fyrirtækisins varðandi verslunarrekstur í Reykjahlíð.

*Skipulagsnefnd fellst á að endurnýja stöðuleyfi fyrir tvo vörugáma til eins árs, og fellst jafnframt á bráðabirgðaleyfi fyrir tengibyggingunni til sama tíma. Nefndin leggur áherslu á að hér er einungis um tímabundið leyfi að ræða. Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að gerðar verði breytingar á gildandi deiliskipulagi í þá veru að byggingarreitur verslunarinnar verði stækkaður þannig að fyrirhugaðar bráðabirgðabyggingar lendi innan byggingarreits.*

## **2. Vogar ferðapjónusta. Umsókn um lagfæringar á gistiskálum.**

S20150102

Erindi dags 8. janúar 2014 frá Þuríði Helgadóttur f.h. Voga, ferðapjónustu ehf þar sem sótt er um leyfi til að framkvæma lagfæringar á gistiskálum fyrirtækisins sem staðsettir eru við tjaldstæðið í Vogum. Lagfæringarnar eru fólgnar í nýjum færanlegum undirstöðum undir húsin, tilfærslu á gistiskála g2 að gistiskála g3 eins og fram kemur á meðfylgjandi uppdrætti og gerð nýs mænissþaks á gistiskála g1 og g2+g3 skv. meðfylgjandi teikningum.

Skipulagsnefnd frestaði afgreiðslu erindisins á síðasta fundi sínum en fól formanni nefndarinnar, sveitarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa að ræða við umsækjanda skv. umræðum á fundinum. Þær viðræður áttu sér stað 14. janúar s.l. og gerði Skipulags- og byggingarfulltrúa nefndarmönnum grein fyrir niðurstöðum úr þeim viðræðum.

*Ekki er heimilt að gera jafn umfangsmiklar endurbætur á gistieiningunum eins og hér um ræðir nema sækja um byggingarleyfi og þurfa þá einingarnar að uppfylla þær kröfur byggingarreglugerðar sem gerðar eru til gistihúsnæðis. Þar að auki er ekki gert ráð fyrir varanlegri stöðu gistieininganna á gildandi deiliskipulagi.*

*Skipulagsnefnd heimilar að gistieiningunum verði komið fyrir á forsteyptum undirstöðum skv. hugmyndum umsækjanda. Ekki verða heimilaðar neinar verulegar breytingar á einingunum nema að undangenginni byggingarleyfisumsókn þar sem ákvæðum byggingarreglugerðar verðir fullnægt.*

*Gerð er krafa um að ráðist verði nú þegar í breytingar á gildandi deiliskipulagi þar sem núverandi byggingarreitur verði stækkaður þannig að bygging sem hýsir eldhúsaðstöðu og gistieiningarnar lendi innan byggingarreits. Þá er gerð sú krafa að skilað verði inn bygginganefndarteikningum af pizzustaðnum og húsnæði sem hýsir eldhúsaðstöðu.*

*Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að semja við umsækjanda um ákveðinn tímafrest vegna skila á byggingarnefndarteikningum.*

### **3. Dettifoss, áningarsvæði. Umsókn um stofnu spildu undir bílastæði.**

S20130306

Erindi dags 20. janúar 2015 frá Dagbjörtu Jónsdóttur f.h. lögfræðideildar Vegagerðarinnar þar sem sótt er um að stofnuð verði sérstök spilda undir bílastæði við Dettifoss í óskiptu landi Reykjahlíðar. Fylgigögn með umsókn eru hnitsettur uppdráttur af viðkomandi spildu og beiðni þinglýsts eiganda óskipts lands Reykjahlíðar um staðfestingu landskipta jarðarinnar. (Umsókn frá LR ehf undirrituð af forarmanni stjórnar landeigendafélagssins, Eyðublað F-550 frá Þjóðskrá). Umsókninni fylgir einnig umboð undirritað af öllum landeigendum Reykjahlíðarjarðarinnar þar sem þeir veita stjórn félagsins heimild til að undirrita afsal á 0,6 ha landsvæði undir bílastæði við Dettifoss til Vegageraðrinnar

*Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki stofnun spildunnar og í framhaldi af því verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að stofna hana í fasteignagrunni Þjóðskrár.*

### **4. Geiteyjarströnd. Umsókn um stofnun lóðar/spildu.**

S20130202

Erindi dags 28. janúar 2015 frá Héðni Sverrissyni, Geiteyjarströnd 1, þar sem hann sækir um heimild til að stofna lóð/spildu út úr jörðinni Geiteyjarströnd 1 skv. meðfylgjandi hnitsettum uppdrætti dags. í desember 2014. Umsókn fylgir einnig útfyllt umsóknareyðublað F-550 frá Þjóðskrá.

*Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki stofnun lóðarinnar/spildunnar og í framhaldi af því verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að stofna hana í fasteignagrunni Þjóðskrár.*

*Fundi slitið*